

Delta Kappa Gamma á Íslandi

Fyrsti stjórnarfundur í landssambandsstjórn í Perlunni mánudaginn 31. ágúst 2015 kl. 16:30

Mættar: Eygló Björnsdóttir forseti, Kristín Jónsdóttir Gammadeild 1. varaforseti, Sigríður Johnsen Kappadeild 2. varaforseti, Inga María Ingvarsdóttir Þetadeild meðstjórnandi, Jónína Eiríksdóttir Deltadeild ritari, Guðbjörg Sveinsdóttir fráfarandi forseti.

Fréttatilkynning

Fundurinn hófst með léttu spjalli og kaffisopa en fyrsta formlega málið var samning á fréttatilkynningu vegna komu flóttafólks til landsins, sem nú er í auglýsingu og mikið rædd.

Það var stjórnarkonum efst í huga að ítreka í tilkynningunni mikilvægi þess að veita börnum flóttafólksins viðeigandi skólagöngu og menntun. Tilkynningin verði send á fjölmiðla í nafni samtakanna.

Sýningin Afrekskonur á vegum Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg stendur fyrir sýningu í Ráðhúsinu um afrekskonur og DKG hefur svarað kalli um þátttöku. Kristín hefur verið í sambandi við umsjónarfólk sýningarinnar og stjórnin hefur lagt á ráðin sín á milli um það, sem helst gæti verið frá samtökunum á slíkri sýningu, t.d. fána samtakanna, dúk með merki þeirra og það annað, sem smekklegt verður og sómir sér vel. Kristín fer á morgun og kemur efninu fyrir m.a. með hjálp frá safnakonu frá Þetadeild. Sýningin opnar 3. sept. og stendur allan september. „Þar verður gerð grein fyrir framlagi kvenna til íslensks samfélags, persónulegum og pólitískum sigrum, afrekum í hversdagslífi og á opinberum vettvangi“.

Afmæli DKG á Íslandi

Þann 7. nóvember næstkomandi verður haldið uppá 40 ára afmæli samtakanna á Íslandi. Starfandi er afmælisnefnd af því tilefni, sem undirbýr hátíðardagskrá á afmælisdaginn. Forseti sagði frá því að borist hefði bréf frá Marianne Skardeus forseta Evrópusvæðis DKG vegna afmælishátíðarinnar 7. nóv. Hún hafði spurt, hvort afmælisbarnið hefði gert óskalista um gjöf á tímamótunum. Hvort það væri einhver gripur, sem tengdist samtökunum eða fé til að leggja til góðra mála. Stjórninni kom saman um að óska ekki eftir einhverjum grip, heldur að láta fjármuni, sem látnir yrðu renna til samtakanna fara áfram til málefnis, sem samtökin bæru fyrir brjósti. Mætti þar nefna verkefni sem Sigrún Klara hefur lagt lið, verkefni Unicef og þ.u.l. Helst var stemning fyrir að styrkja verkefni Sigrúnar Klöru, Vinir Perú.

Starfsáætlun og framkvæmdaráðsfundur

Forseti hefur lagt grunninn að starfsáætlun, sem lögð verður fyrir framkvæmdaráðsfund þann 12. sept. n.k. í húsnæði Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Stjórnin telur að slík áætlun eigi ekki að vera of ítarleg og mikilvægt sé að allt framkvæmdaráðið komi að því að skoða hana og gera að sinni áætlun. Það verður gert á fundinum þann 12. sept. og stjórnin var sammála um að skipta framkvæmdaráðinu í umræðuhópa, sem taki áætlunina fyrir og ræði auk þess áleitnar spurningar um það, hvernig auka megi virkni og áhuga félaga svo þeir mæti betur á fundi og taki almennt meiri þátt í starfinu.

Dagskrá framkvæmdaráðsfundar

- Setning forseta
- Orð til umhugsunar
- Ný stjórn kynnt

- Kynning á stjórn og nefndum, sem starfa munu næstu 2 árin
- Hlutverk framkvæmdaráðs reifað
- Lög og reglugerðir. Auður Torfad. lögsögumaður
- Fjárhagsáætlun gjaldkera, Jensínu Valdimarsdóttur
- Störf formanna – í hverju þau eru fólgin
- Alþjóðastarfið
- Styrkjakerfi samtakanna kynnt
- Vefmálin
- Starfsáætlun - drög stjórnar kynnt
- Umræðuhópar –
 - ræði framkvæmdaáætlun og
 - nokkur atriði varðandi innra starf deildanna, svo sem eins og áður sagði fjölgun í samtökunum og aukin virkni félaganna.
 - Hóparnir ræði einnig kjörorð / yfirskrift næstu 2ja ára og tímasetningu fyrir næsta vorþing.
 - fundurinn taki ákvörðun um tímasetningu á vorþingi næsta vor. Annað hvort 16. apríl eða 30. apríl. Stjórnin hallast að því að það verði á höfuðborgarsvæðinu og Landssambandsþingið á Akureyri vorið 2017
- Niðurstöður úr umræðuhópum

Dagatal fyrir DKG á Íslandi

Forseti tók að sér að skoða hvort ekki megi gefa út sérstakt dagatal fyrir DKG á Íslandi.

Nokkur umræða varð um fyrirkomulag veitinga á komandi framkvæmdaráðsfundi og tóku stjórnarkonur að sér að útvega veitingar og koma með þær í Hafnarfjörðinn. Þar mun Ingibjörg Einarsdóttir verða okkur innan handar með umgjörðina.

Fundi slitið kl. 19

Jónína ritaði.